

Reglur byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra

Um skiptingu fjármuna Jöfnunarsjóðs vegna lengdrar viðveru fyrir börn og unglunga með fötlun, frá og með 5. bekk grunnskóla til loka framhaldsskóla.

1. gr.

Hvert sveitarfélag tekur ákvörðun um hvort boðið sé upp á lengda viðveru samkvæmt reglum þessum og með hvaða hætti henni skuli skipað innan sveitarfélagsins. Þjónustuhópur byggðasamlagsins hefur eftirlit með hvernig þjónustan er útfærð og kallar reglulega eftir skýringum og upplýsingum ef þörf krefur.

2. gr.

Sveitarfélögin geta sótt um 50% endurgreiðslu á útlögðum launakostnaði. Endurgreiðsla ræðst af því fjármagni sem er til ráðstöfunar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ár hvert.

3. gr.

Kostnaðar- og þjónustuáætlun er gerð í byrjun árs og send byggðasamlaginu. Eftirfarandi þarf að koma fram:

- a) fjöldi nemenda
- b) fjöldi tíma
- c) skólastig
- d) sundurliðun kostnaðar vegna hvers nemenda.

4. gr.

Í lok hversrar skólaannar senda sveitarfélögin sína skýrslu um framkvæmd þar sem fram koma rauntölur.

5. gr.

Þjónustuhópur fjallar um og afgreiðir umsóknir sveitarfélaga í júní og desember ár hvert.

6. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar voru í stjórn byggðasamlagsins þann 4. desember 2012, öðlast þegar gildi.

7. gr.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti og/eða í samræmi við reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Skagafirði, 11. janúar 2013.

Jón Óskar Pétursson,
framkvæmdastjóri SSNV

Jón Óskar Pétursson